

## Svar

### umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Valgerði Gunnarsdóttur um myglusveppi og tjón af völdum þeirra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hefur ráðherra hrundið af stað vinnu í samræmi við þingsályktun nr. 22/143 um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra, sem samþykkt var 12. maí 2014? Ef svo er, hvernig miðar vinnunni og hvenær má búast við að henni ljúki og með hvaða hætti? Hafi vinnan ekki hafist, hvenær má búast við að hún hefjist?*

Í tilefni af þingsályktun nr. 22/143 skipaði ráðherra 10. júní 2014 starfshóp til að endurskoða lög og reglugerðir á sviði byggingarmála með tilliti til myglusvepps og þess tjóns sem hann getur valdið, þar á meðal þær kröfur sem gerðar eru til byggingarvara og við mannvirkjagerð, ákvæði um eftirlit stjórnvalda auk leiðbeininga og fræðslu til fagaðila. Starfshópurinn hafði einnig það hlutverk að skoða löggjöf á sviði hollustuhátta um gæði húsnæðis og umhirðu, skyldur eigenda og umráðamanna húsnæðis í því sambandi og þær leiðbeiningar sem væru til um umhirðu húsnæðis. Starfshópurinn skilaði ráðherra skýrslu í mars 2015 með niðurstöðum og tillögum um úrbætur. Auk þessa var Guðný Björnsdóttir lögfræðingur ráðin til að vinna lögfræðilega greinargerð um réttarstöðu þeirra sem verða fyrir tjóni af völdum myglusvepps í húsnæði. Greinargerð hennar, frá 18. nóvember 2014, fylgir sem hluti af skýrslu starfshópsins (fylgiskjal). Afrit af skýrslu starfshópsins er m.a. að finna á vef ráðuneytisins: [https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/Mygluskýrsla\\_og\\_fylgiskjal.pdf](https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Mygluskýrsla_og_fylgiskjal.pdf).

Í skýrslu starfshópsins kom fram sú niðurstaða að ekki væri þörf á umfangsmiklum laga- breytingum í þeirri viðleitni að ráða bót á vanda vegna myglusvepps í húsnæði, heldur lægju tækifærin helst í aukinni fræðslu, leiðbeiningum, menntun fagaðila og auknum rannsóknnum á sviðinu sem leitt gætu til nýrra og bættra vinnubragða og byggingaraðferða. Einnig að skilvirkt byggingareftirlit gegndi afar mikilvægu hlutverki. Í því sambandi bæri að hafa í huga að það kerfi sem komið var á með lögum nr. 160/2010, um mannvirki, árið 2011 hefði ekki að fullu tekið gildi og lítið hefði enn reynt á ákvæði nýrrar byggingarreglugerðar, nr. 112/2012. Því væri nauðsynlegt að fylgst yrði vel með því hvernig löggjöfin reyndist í framkvæmd og ætti það einnig við um ákvæði byggingarreglugerðar um kröfur til mannvirkjagerðar. Starfshópurinn taldi einnig mikilvægt að möguleikar á aukinni tryggingavernd neytenda yrðu skoðaðir í ljósi þess tíma og þeirra fjármuna sem það tæki fyrir þá að fá úrlausn sinna mála.

Tillögum starfshópsins til úrbóta er lýst í 18 liðum í skýrslu hans, bls. 30–31. Í kjölfar skýrslunnar hóf ráðuneytið vinnu við að fylgja eftir tillögum starfshópsins. Framfylgdin fólst m.a. í því að senda Mannvirkjastofnun og Umhverfisstofnun bréf á árinu 2015 þar sem óskað var eftir því að stofnanirnar fylgdu eftir umræddum tillögum hvað varðar aukna fræðslu, samvinnu stjórnvalda og skilvirkara eftirlit. Í ráðuneytinu er einnig til skoðunar hvort endurskoða eigi ákvæði laga nr. 160/2010, um mannvirki, hvað varðar starfsábyrgðartryggingar fagaðila við mannvirkjagerð og mögulega hagkvæmni þess að taka upp hér á landi svo-

kallaða byggingargallatryggingu að danskri fyrirmynd. Vegna þessa bárust ráðuneytinu á síðasta ári tilteknar upplýsingar frá Mannvirkjastofnun vegna umræddra tryggingamála og eru þær upplýsingar nú til nánari skoðunar og verður í kjölfarið ákveðið hvort ráðist verði í umrædda vinnu við lagabreytingar. Ráðuneytið fyrirhugar einnig að skýra frekar og skerpa á lykilhugtökum í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og er gert ráð fyrir að þær breytingar á reglugerðinni verði unnar á þessu ári.

Umhverfisstofnun og Mannvirkjastofnun hafa unnið frekar að þessum málum frá því að umrædd skýrsla um mygluvandamál var gerð. Á vef Umhverfisstofnunar er hægt að nálgast skýrsluna „Inniloft, raki og mygla í húbýlum / Leiðbeiningar fyrir almenning“. Auk þess hefur stofnunin birt almennar upplýsingar um raka og myglu á vef sínum, en þær innihalda m.a. almennar leiðbeiningar, svör við algengum spurningum og upplýsingagátt með ítarefni, sjá: <http://www.ust.is/einstaklingar/graenn-lifsstill/heimilid/raki-og-mygla/>.

Mannvirkjastofnun hefur unnið að forvörnum vegna mygluvandamála með ýmsum samstarfsaðilum. Stofnunin er m.a. aðili að samstarfshópnum „Betri byggingar“, en í þeim hópi eru fulltrúar stærstu verkfræðistofa landsins ásamt helstu sérfræðingum. Mannvirkjastofnun er einnig aðili að Byggingarvettvangnum, sem er samstarfsvettvangur Samtaka iðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöðvar, Íbúðalánasjóðs, Mannvirkjastofnunar o.fl. Stofnunin tekur einnig þátt í Vatnsvarnarbandalaginu, en þar eiga sæti fulltrúar fjögurra stærstu tryggingafélaganna, Iðan fræðslusetur, Nýsköpunarmiðstöð og fagfélög helstu meistarástétta sem koma að gerð votrýma í byggingum. Bandalagið hefur gefið út bæklinginn „Með allt á þurru“ með leiðbeiningum til almennings um raka og vatnstjón. Einnig hefur verið unnið fræðsluefni fyrir námskeið um gerð votrýma ætlað fagmönnum. Í framhaldinu hafa síðan námskeið verið haldin hjá Iðunni fræðslusetri. Fræðsluefni um byggingareðlisfræði og rakamyndun í byggingum hefur jafnframt verið tekið saman til nota á löggildingarnámskeiðum hönnuða og verið flutt á öllum slíkum námskeiðum. Þá hefur Mannvirkjastofnun haldið erindi á fundum og ráðstefnum um raka og myglu, svo sem á fundi Félags byggingarfulltrúa, fundi SATS (Samtök tæknimanna sveitarfélaga) og á ýmsum málþingum um landið. 10. mars sl. stóð Mannvirkjastofnun, Byggingarvettvangurinn, Nýsköpunarmiðstöð, umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ og sænska sendiráðið fyrir málþingi á Hilton Hótel Nordica um byggingargalla vegna rakavandamála.

Í skoðunarhandbókum sem munu taka gildi innan fárra vikna er lögð áhersla á að atriði varðandi rakabúskap og mygluhættu séu skoðuð og metin í mannvirkjum. Þá er unnið af hálfu Mannvirkjastofnunar að ítarlegum leiðbeiningum um greinargerðir hönnuða vegna rakabúskapar.

Mannvirkjastofnun, Nýsköpunarmiðstöð, Íbúðalánasjóður og Samtök iðnaðarins hafa verið í viðræðum við Rannís um leiðir til að auka fjármagn til byggingarrannsókna og er nú m.a. unnið að gerð markáætlunar fyrir rannsóknir á sviði byggingarmála. Mannvirkjastofnun hefur einnig verið í viðræðum við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um mögulegar rannsóknir á sviði byggingareðlisfræði.

Auk þessa hefur Mannvirkjastofnun og Efla verkfræðistofa ákveðið að vinna tölfræði um mygluvanda upp úr tiltækum gögnum um myglu í byggingum og hefur einnig verið leitað samstarfs við aðra aðila í byggingargeiranum varðandi þetta verkefni.

Löggjöfin sem skýrsla skipaðs starfshóps tekur til er að hluta til á málefnasviði annarra ráðuneyta og stofnana þeirra og því fólst framfylgd ráðuneytisins á tillögum starfshópsins einnig í því að kynna þær atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og velferðarráðuneytinu, þá einkum hvað varðar þær tillögur sem sneru að þeirra málefnasviði.

Í bréfi ráðuneytisins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins var m.a. lögð áhersla á að skoðuð yrði dönsk lög um neytendavernd í fasteignakaupum sem kveða á um eigendaskiptatryggingu og hagkvæmni þess að setja slíka tryggingu hér á landi. Þá var lögð áhersla á að Nýsköpunarmiðstöð Íslands yrði í auknum mæli gert kleift að sinna byggingarrannsóknnum. Þá lagði starfshópurinn einnig til að í lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa yrði bætt við ákvæði sem skyldar seljanda fasteignar til að upplýsa kaupanda um hvort lokaúttekt hafi farið fram á fasteigninni hafi það verið skylt.

Í bréfi ráðuneytisins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins var m.a. vakin athygli á 6. kafla skýrslunnar sem fjallar um leiðbeiningar og fræðslu til fagaðila, í ljósi þess mats starfshópsins að mikilvægt væri að þekking á byggingareðlisfræði í námi mannvirkjahönnuða yrði aukin og áhersla yrði lögð á þau fræði í viðkomandi háskólum. Einnig að nemendum yrði kenndur grunnur í byggingareðlisfræði til þess að forðast röng vinnubrögð, svo sem með námskeiði og fræðslu um forvarnir og fagleg vinnubrögð á þessu sviði.

Í bréfi ráðuneytisins til velferðarráðuneytisins var lagt til að tillögur um breytingar á húsaleigulögum yrðu yfirfarnar af hálfu velferðarráðuneytisins og metið yrði hvort þær kölluðu á lagabreytingar. Tillögurnar lutu aðallega að því að kveða á um skyldu leigusala til að upplýsa leigutaka um raka- og mygluvandamál sem komið hefðu upp í húsnæði og ráðstafanir og úrbætur sem hefðu verið gerðar, áður en gengið yrði frá húsaleigusamningi.

Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að viðkomandi ráðuneyti hafi unnið að tillögum um laga-breytingar í samræmi við tillögur starfshópsins. Ráðuneytinu barst hins vegar í lok árs 2015 afrit af bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til starfsgreinaráðs bygginga- og mannvirkjagreina, varðandi eflingu menntunar. Í bréfinu var starfsgreinaráði gert að kanna kosti þess að koma fræðslu um varnir við rakaskemmdum inn í grunnfræðslu iðnaðarmanna.